

Samgöngustefna Hafnarfjarðarbæjar

Markmið samgöngustefnu Hafnarfjarðarbæjar er að hvetja starfsfólk bæjarins til að nota vistvænan og hagkvæman ferðamáta.

- Hafnarfjarðarbær vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi, bæjarbrag og heilsu starfsfólks bæjarins og annarra. Til að stuðla að því gera Hafnarfjarðarbær og starfsmenn með sér samgöngusamning um vistvænar samgöngur til og frá vinnustað
- Hafnarfjarðarbær gerir samning við Strætó bs um að starfsfólk bæjarins sem undirritar samgöngusamning geti keypt 12 mánaða strætisvagnakort á andvirði 9 mánaða korts.

Samgöngusamningur

1.gr

Starfsmaður sem skrifar undir þennan samning gengst undir það að ferðast ekki einn með einkabíl eða leigubíl til og frá vinnu heldur notast við vistvænan samgöngumáta svo sem að ganga, hjóla, ferðast með strætisvagni eða ferðast í bíl með öðrum (einum eða fleiri).

2.gr.

Undirritaður starfsmaður, sem ferðast að jafnaði til og frá vinnu með vistvænum hætti, á rétt á stuðningi frá Hafnarfjarðarbæ. Sá stuðningur felst í að geta keypt 12 mánaða strætókort á verði 9 mánaða korts í samræmi við samning Hafnarfjarðarbæjar og Strætó bs. Jafnframt fær starfsmaðurinn aðgangskort í sund án endurgjalds í sundlaugar Hafnarfjarðar fyrir sama tímabil.

3.gr

Í samráði við yfirmann getur starfsmaður, sem að jafnaði notar vistvænar samgöngur, óskað eftir að Hafnarfjarðarbær (viðkomandi stofnun) greiði leigubílakostnað í neyðartilvikum á vin nutíma t.d. vegna skyndilegra veikinda barna. Þetta á aðeins við um þá daga þegar starfsmaður ferðast á vistvænan hátt til og frá vinnu.

4.gr

Samgöngusamningur er gerður við starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar sem ekki þiggja bílastyrk frá Hafnarfjarðarbæ.

Samningurinn gildir í eitt ár frá undirritun og er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með þriggja mánaða fyrirvara.

Hafnarfjörður, _____

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

Starfsmaður, kennitala

Heimilisfang, póstnúmer